

Alþingi
Erindi nr. P 127/1196
komudagur 13.3.2002



Samgöngunefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11. mars 2002
Snr. 004/BS

Efni: Umsögn um frumvarp til hafnalaga

Vísað er til bréfs dags. 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndar ríkisins um hjálgt frumvarp til hafnalaga.

Markmiðum þessarar lagasetningar er lýst svohljóðandi í fylgiskjali V.: “Tilgangur frumvarpsins er að færa stjórn hafna og ábyrgð á rekstri þeirra til sveitarjórnar (svo)” Náttúruvernd ríkisins telur að ekki sé gerð í ofangreindu frumvarpi tilraun til að skilja að þau mörgu og oft andstæðu hlutverk sem sveitarstjórnnum er ætlað að sinna þegar um hafnaframkvæmdir er að ræða.


Ein og sama sveitarstjórn er orðin framkvæmdaaðili, námurétthafi, umsagnaraðili, leyfisveitandi og eftirlitsaðili auk þess að vera stjórnandi og eigandi hafnamannvirkja að framkvæmdum loknum.


Náttúruvernd ríkisins er í mörgum tilfellum umsagnaðili vegna hafnaframkvæmda auk þess sem stofnuninni er ætlað að hafa eftirlit með efnistöku á landi.

Það gæti reynst erfitt að sinna þessu hluverki á þann hátt sem löggjafinn hefur gert ráð fyrir ef sveitarstjórn er einnig framkvæmdaaðili, sbr. 49. gr. laga nr. 44/1999 um Náttúruvernd, en þar segir m.a.: “Sé frágangur ekki í samræmi við áætlun um efnistöku, sbr. 48. gr., getur Náttúruvernd ríkisins gefið námurétthafa fyrirhafi um að ljúka frágangi innan tiltekins frests.....Berir aðgerðir Náttúruverndar ríkisins skv. 2. mgr. ekki árangur **skal sveitarstjórn ganga frá efnistökusvæði á kostnað námurétthafa....**”

Náttúruvernd ríkisins telur illmögulegt fyrir fámenn sveitarfélög að sinna þeim mörgu og mismunandi hlutverkum sem þeim er ætlað skv. ofangreindu frumvarpi. Hættan á hagsmunaárekstrum myndi minnka verulega ef hluti ábyrgðar á framkvæmdatíma væri t.d. færður frá sveitarfélögu til Siglingastofnunar Íslands sem annast þátt ríkisins í framkvæmd hafnalaga.

Virðingarfyllt


Arni Bragason
forstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur

NÁTTÚRUVERND RÍKISINS / NATURE CONSERVATION AGENCY

SKÚLAGATA 21, 101 REYKJAVÍK, ÍSLAND

SÍMI / PHONE: (+354) 570 7400 FAX: (+354) 570 7401 NETFANG: naturuvernd@naturuvernd.is

HEIMASÍÐA: <http://www.naturuvernd.is> KENNITALA: 441096-2409

Náttúruvernd ríkisins